

## FW: Vegna endurheimtar votlendis í Mosdal

**Til** : Bryndís Ósk Jónsdóttir; Daniel Jakobsson, contact  
**Frá** : Birgir Gunnarsson  
**Heiti** : FW: Vegna endurheimtar votlendis í Mosdal  
**Málsnúmer** : 2020090060  
**Málsaðili** : Votlendissjóðurinn  
**Skráð dags** : 14.10.2020 18:01:09  
**Höfundur** : Birgir Gunnarsson

Viðhengi [Screenshot 2020-01-16 at 12.59.06.png](#) [Screenshot 2020-01-16 at 12.59.06.png](#)

Kær kveðja,

**Birgir Gunnarsson bæjarstjóri**

450 8024 - 897 3464 - [birgir@isafjordur.is](mailto:birgir@isafjordur.is)

---

**From:** Einar Þór Bárðarson [mailto:ainarb@votlendi.is]

**Sent:** miðvikudagur, 14. október 2020 17:03

**To:** Birgir Gunnarsson

**Subject:** Vegna endurheimtar votlendis í Mosdal

Bt. Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Vegna endurheimtar votlendis í Mosdal

Fyrst er gott að hnykkja á því að endurheimt votlendis er stöðvun á losun CO2 ígilda úr jarðvegi. Það er ekki binding CO2 ígilda úr andrúmslofti eins og skógrægt. Þannig byrjar endurheimt strax að skilja miklu stærri tölum mikið fyrr í barráttunni við loftslagsbreytingarnar þó skógrækt sé engu síður mikilvægt verkefni. Þessu þarf bara að halda til haga og vera til glöggvunar þeim sem ekki þekkja til.

Með endurheimt votlendis á jörðunum Horn og Skógum í Mosdal er verið að leiðrétta inngríp í náttúruna sem unnið var fyrir áratugum en skurðirnir hafa ekki þjónað neinum landbúnaðarlegum tilgangi um áratuga skeið.

Þó svo að mýrarnar verði endurheimtar þýðir það á engan hátt að landið gagnist engum eða geti ekki lengur flokkast sem landbúnaðarland. Það er forn hugsun og miðast þá við afkastagetu lítinn og einhæfan landbúnað.

Samkvæmt mælingum Landgræðslunnar fyrir okkur hjá Votlendissjóð þá eru 26 hektara af mýrlendi endurheimtanlegir með þessari aðgerð. Í dag losar þetta framræsta land því 480 tonn af koltvísýring sem losnar úr mýrinni á hvert. Þetta hefur verið að gerast um áratuga skeið eða allt frá því að mýrin var framræst.

Þetta er óréttlæt看leg losun Co2 ígilda til þess eins að landið getið flokkast áfram undir landbúnaðarland út frá deiliskipulagi sem á rétt um tvo mánuði eftir af stjórnsýslulegum líftíma. Forsendur þess hvað varðar endurheimt og landbúnað eru úreldar og hafa í flestum vel meinandi sveitarfélögum verið endurskoðað með tilslökun til handa endurheimt. að leiðarljósi. Víða hafa sveitarfélög meira segja sett

endurheimt inn í sitt aðalskipulag þannig að ekki þarf einu sinni framkvæmdaleyfi heldur er endurheimt eingöngu tilkynninga skyld.

Með því að moka ofan í þessa skurði sem engin hefur gagn af í dag þá er eins og áður sagði verið að stöðva losun á 480 tonnum af CO<sub>2</sub> ígildum á ári. Það er sambærilegt magn af CO<sub>2</sub> og 230 fólk bílar brenna árlega. Þetta eru viðurkennd af IPCC, loftslagsráði sameinuðu þjóðanna.

Ef við horfum 10 ár fram í tíman og fögnum því að við ákváðum þetta í dag, á þessum bæjarstjórnarfundum, að leyfa þessa endurheimt. Þá myndi náttúran segja "takk fyrir að spara mér það að taka á móti 4800 tonnum af óþarf CO<sub>2</sub>".

Þeir bændur sem leiddu vinnu við ný samþykktu umhverfisstefnu Bændasamtakana segja meira segja að ábyrg nálgun bænda á landi sem ekki er í notkun sé að endurheimta mýrar allstaðar þar sem það er hægt. Því í CO<sub>2</sub> í jarðveginum er rétt geymsla á CO<sub>2</sub> fyrir framtíðar kynslóðir en framræstar losa þetta þarf efni í algjöru tilgangsleysi.

Með endurheimt er þannig alls ekki verið að brjóta í bága við Aðalskipulagið ykkar. Það gæti verið túlkun þeirra sem hafa á framkvæmdinni og gagnsemi hennar litla þekkingu. En fyrst og síðast er þetta skórkostlegt framlag til loftslagsmála sem þið eigið að vera stolt af að taka þátt í -

Með einlægu þakklæti og kærum kveðjum.

Með kveðju og þökkum

Einar Bárðarson,  
Framkvæmdastjóri  
Votlendissjóður  
Árleyni 22  
112 Reykjavík  
+354 618 9000  
[ainarb@votlendi.is](mailto:ainarb@votlendi.is)  
<https://votlendi.is/spurningar-og-svor/>

<https://www.facebook.com/votlendissjodur/>

<https://www.instagram.com/votlendi/>

Votlendissjóðurinn hefur það hlutverk að vinna að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis og vera milliliður milli þeirra sem eiga framræst land og vilja endurheimta það og þeirra sem vilja leggja til fjármagn eða vinnu til að láta endurheimta votlendi. Verndari Votlendissjóðsins er Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson.

Nánari upplýsingar á <https://votlendi.is/spurningar-og-svor/>